

# Þjónandi leiðsögn

– Alþjóðleg ráðstefna á Akureyri 13. til 15. september 2016

**Halldór S. Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar og Kristinn Már Torfason, forstöðumaður þjónustukjarnans að Þrastarlundi 3 og sambýlisins að Jörvabyggð 14 og varaforseti Alþjóðasamtaka þjónandi leiðsagnar, skrifa.**

Á Akureyri hefur verið unnið eftir hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar (e. gentle teaching) í tveimur búsetukjörnum frá árinu 1993 en undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að innleiða aðferðina í alla þjónustu Búsetudeildar Akureyrarkaupstaðar og Öldrunarheimila Akureyrar. Í þjónandi leiðsögn byggja samskipti á virðingu og umhyggju og áherslu á að skapa traust milli einstaklinga – aðstoðarþega og umönnunaraðila. Það felur í sér að refsingar, líkamlegar eða andlegar eru aldrei notaðar til að ná fram breytingu.

## Mannúðleg hugmyndafræði

Þungamiðja þjónandi leiðsagnar er að þátttaka umönnunaraðila í lífi annarra hefur þann megintilgang að kenna, hlúa að og viðhalda reynslu þeirra og upplifun af tengslum, vináttu og því að vera hluti af samfélaginu. Þjónandi leiðsögn er fræðileg og reynslubundin nálgun og helst verið notuð innan fötlunarfræðinnar. Nálgunin byggir á heimspökilegum og siðferðilegum grunni og kenningum um samskipti og tengsl milli einstaklinga og hvernig nýta megi það í þjónustu og umönnun. Þjónandi leiðsögn einskorðast þó ekki aðeins við einstaklinga með þroskahamlanir heldur má í raun nota nálgunina í umönnun allra einstaklinga, þar sem hún byggir á mannúðlegri hugmyndafræði.

## Öldrunarheimilin og búsetudeild taka höndum saman


Undanfarin ár hefur hugmyndafræðin verið tekin í notkun á fleiri sviðum t.d. í vinnu með öldruðum og hafa Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) í samstarfi við búsetudeild, unnið að undirbúningi og innleiðingu þjónandi leiðsagnar og samþættingu með Eden-hugmyndafræðinni á ÖA. Sú vinna hófst með skipulegum hætti í ársbyrjun 2014 með þátttöku leiðandi starfsmanna í námskeiðum og ráðstefnum og nú síðast með innleiðingarferli og fræðslu til u.þ.b. 300 starfsmanna ÖA á árinu 2015 og 2016. Lykilstarfsmenn búsetudeildar hafa sinnt fræðslu og hlutverki



Leiðbeinendur í þjónandi leiðsögn sem luku þjálfun á Akureyri vorið 2015.



Halldór S. Guðmundsson.



Kristinn Már Torfason.

leiðbeinenda til nýrra starfsmanna og aðstandenda. Fræðslu- og kynningarfundir hafa verið haldnir víða um land og mikill fjöldi starfsfólks í velferðarþjónustu sveitarfélaga fengið fræðslu og kynningu á þjónandi leiðsögn. Af hálfu búsetudeildar hafa líka verið haldin námskeið fyrir nýja leiðbeinendur og erlendir fyrirlesarar og þjálfarar verið fengnir til aðstoðar, enda krafa um staðfestingu alþjóðasamtaka þjónandi leiðsagnar, fyrir nýja leiðbeinendur.

## Tengsl, samskipti og samfylgd/samvera

Í ár verður ráðstefnan haldin á Akureyri dagana 13.-15. september 2016, en Alþjóðasamtök þjónandi leiðsagnar (gentle teaching international-GTI) hafa árlega staðið fyrir slíkum ráðstefnum, síðast í Grikklandi og í Bandaríkjunum sem fulltrúar frá Akureyri sóttu. Hafa um 200 manns víða að úr heiminum sótt ráðstefnur þjónandi leiðsagnar og er búist við enn meiri aðsókn þetta árið. Þema ráðstefnunnar á Akureyri er tengsl, samskipti og samfylgd/samvera og verða erlendir og innlendir aðalfyrirlesarar ásamt um 30 styttri fyrirlesturum í málstofum og umræðustofum.

Nánari upplýsingar um hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar og skráning á ráðstefnuna er að finna á heimasíðu ráðstefnunnar <http://gti2016.com/> og í sérstöku ráðstefnu-forriti (appi) þar sem eru upplýsingar um dagskrá, málstofur, skráða þátttakendur og efni frá fyrirlesurum eftir því sem undirbúningi vindur fram <http://eventmobi.com/gti2016/>.

## Smáforrit notað við skipulag ráðstefnunnar

Smáforritið Event-mobi er nú í fyrsta sinn notað hérlendis við skipulag ráðstefnu og í gegnum það opnast nýir möguleikar fyrir þátttakendur til að kynnst og halda yfirliti um dagskrá og þátttöku hvers og eins. Þjónandi leiðsögn á Íslandi er einnig með fésbókarsíðu, <https://www.facebook.com/groups/569051606567677/>

